

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um fjárkláðann. — í **44**
 þóknanlegum brjefum 18. og 23. f. m. hafði þjer, herra landshöfðingi, gefið skýrslu um 19. apríl.
 heilbrigðisástand sauðfjárins í þeim hjeruðum suðurumdæmsins, er fjárkláði hefir komið fram í í vetur. Á skýrslu þessari má sjá, að samkvæmt fyrirætlum þeim, er þjer gjörðuð árið sem leið, hafa fyrir árslokinn farið fram 1 eða 2 baðanir á öllu fje í Gullbringusýslu — að undanteknum 4 syðstu hreppunum, þar sem lækningar á kláðasjúku fje eru vandkvæðum bundnar sökum þess, hvernig þar hagar til, og fjáreigendur hafa því af frjálsum vilja slátrað öllum kindum sínum —, og enn fremur í Kjósarsýslu, Reykjavíkur kaupstað og í Árnessýslu vestan Ölvesár, Hvítár og Brúarár; og að haldið hefir verið uppi hálfsmán- aðarskoðunum á fjenu. Eptir síðustu baðanir hefir ekki orðið kláðavart nema í 6 kindum alls, og hefir fjeð á þeim bæjum, er kláðakindur þessar fundust, verið baðað síðan; sömu- leiðis er haldið áfram hinum fyrirskipuðu skoðunum; og hafði þjer, herra landshöfðingi, von um, að kláðasýkinni muni gjöreytt í nefndum hjeruðum áður en fje er sleppt á fjall. En að því er snertir Borgarfjarðarsýslu, þá varð engri böðun komið við þar í haust er leið vegna badlyfjaleysis, og er kostur var á að baða þar síðar, fóru bændur fram á, að böðuninni væri frestað þangað til eptir sauðburð, og fje væri komið úr öllu, bæði vegna þess, að böðunin var haldin skadleg fyrir lambfullar ær, og vegna þess, að baðið mundi síður vinna á kláðanum, meðan fjeð væri í alullu; hafði þjer því fremur þótt mega veita þá bæen, sem enginn kláðavottur sinnst í suðurhluta sýslunnar, en í norðurhlutanum hafa menn skorið niður alla sauði, og ekki haldið eptir öðru en ám og gemlingum, sem hægt er að halda við lækningar og heimagæzlu í sumar. En í vor og sumar á að hafa almenna böðun um alla sýsluna, og binar fyrirskipuðu skoðanir að fara fram á hverjum hálfsmán- aðarfresti; er því að yðar dómi naumast ástæða til að óttast, að eigi muni takast að út- rýma kláðanum algjörlega úr þessari sýslu líka.

Þótt þjer, herra landshöfðingi, sjeuð þannig vongóðir um, að kláðinn muni verða upprættur í öllu suðurumdæminu með þeim ráðstöfunum, sem gjörðar hafa verið og gjörðar munu verða í vor og í sumar, hefir yður þó, ef svo kynni að fara, að einhverjar leifar yrðu eptir af sýkinni í haust, er fje kemur af fjalli, virzt æskilegt, samkvæmt því sem amtmaðurinn yfir suður og vesturumdæminu hefir lagt til við yður, að gjörðir væru með bráðabirgðalögum þeir viðaukar við og þær breytingar á tilskipununum frá 5. jan. 1866 og 4. marz 1871, er reynslan hefir sýnt, einkum í vetur sem leið, að eru nauðsynlegar og mundu koma að góðu haldi; mætti þá og taka til greina reglur þær, er frumvarp það til upprætingar fjárkláðans hafði að geyma, er alþingi samþykkti árið sem leið. Hafði þjer sent hingað frumvarp til slíkra bráðabirgðalaga, þar sem sektir þær, sem til eru teknar í tilskipun 5. jan. 1866, eru hækkaðar, og settar nokkrar aðrar reglur miður merkilegar, en aðalefnið er, að skipa bótalausan niðurskurð í hegningarskyni fyrir óhlyðni við fyrir- mæli valdstjórnarinnar til að vinna bug á sýkinni og fyrir móttþróa í því að haga sjer eptir viðvörðun hennar um hús og hey; leggið þjer það til, að ráðgjafinn komi því til leið- ar, að sett verði bráðabirgðalög þess efnis, er nú var getið. Með brjefi 22. f. m. hafði þjer, herra landshöfðingi, auk þess sent hingað bænarskjál, þar sem þess er farið á leit, eptir álykton á fundi íbúanna í Eyjafjarðar og Þingeyarsýslum, að sett verði bráðabirgða- lög um vörð til að varna útbreiðslu hins sunnlenzka fjárkláða, samkvæmt frumvarpi, er skjalinu fylgdi; en þetta ráð teljið þjer úr, af því að það sje ónógt, með því að slíkur vörður verði eigi eptir því sem til hagar haldinn svo, að nægileg trygging verði að hon- um og af því að það sje ónauðsynlegt, bæði vegna þess, að sýkin virðist sem stendur ekki hagar sjer svo, að ástæða sje til, að setja svo yfirgripsmikinn vörð, sem frumvarpið fer

Hinn 6. júní 1876.

44 fram á, og vegna þess, að í tilskipun 4. marz 1874 virðist fólgin nægileg heimild til að
19. apríl. setja þá smærri verði, sem ástæða kynni að vera til.

Út af þessu skal hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að með því að eigi verður sagt, eptir því sem þjer, herra landshöfðingi, skýrið frá, að reynslan hafi sýnt, að eigi megi ráða við kláðann með þeim ráðum, sem heimild er fyrir í lögum þeim, er nú standa, og með því að það er eigi nægileg ástæða til að láta slík bráðabirgðalög út ganga, sem þjer hafið stungið upp á, herra landshöfðingi, að svo getur farið, að sýkin verði magnaðri að vetri, — en um bráðabirgðalög skal þess getið, að það eitt er ekki nóg til að rjettlæta jafnóvenjulega brúkun á konungsvaldinu, að aðrar reglur, en nú standa, kynnu að vera vel til fallnar, — þá geta ráðgjafanum ekki fundizt ástæður þær, er þjer, herra landshöfðingi, lýsið, svo vaxnar, að rjett sje að fara að láta út ganga bráðabirgðalög samkvæmt 11. grein stjórnarskrárinnar, og áræðir hann því eigi að bera upp (fyrir konungi) allraþegnlegasta uppástungu í þessu efni. Ráðgjafinn verður og að yður samdóma um, að ekki er ástæða til að fallast á beiðni þá um bráðabirgðalög um vörð, er samþykkt var á fundi Eyfirðinga og Þingeyinga, og áður er getið.

45 — *Brjef landshöfðingja til bæjarfógeta um fullnaðarúrskurð á sveitarmáli.*
21. apríl. — Með þóknanlegu brjefi yðar, herra bæjarfógeti, frá 20. novbr. f. á. með tók jeg erindi til ráðgjafans fyrir Ísland, þar sem þjer, af því að jeg hafði breytt ákvörðun bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, samþykktri af amtinu samkvæmt opnu brjefi frá 29. maí 1839 3. gr. A, um skaðabætur fyrir lóðarspildu, er tekin hafði verið af eiganda til að breikka með eitt af aðalstrætum kaupstaðarins — spyrjið fyrir hönd bæjarstjórnarinnar, hvort tjeð opið brjef hafi ekki inni að halda þau fyrirmæli, er fara eigi eptir, þá er meta skal endurgjald fyrir lóðarnám til endurbóta á strætum bæjarins m. m., og sömul, hvort þóknun þeirri, sem ákveðin er samkvæmt nefndu lagaboði, verði breytt af æðri yfirvöldum. Eptir að jeg hafði sent ráðgjafanum þetta erindi, hefir hann í brjefi frá 26. febr. þ. á. tjáð mjer, að sjer sinnist ekki ástæða til að svara fyrirspurn bæjarstjórnarinnar af því, að hún snerti sveitarmálefni, er landshöfðingi leggur fullnaðarúrskurð á (sjá augl. frá 22. febr. 1872 12. gr. sbr. m. 20. gr.) og af því að eigi hefir komið fram nein umkvörtun um úrskurð landshöfðingja.

Þetta er til kynnt herra bæjarfógetanum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

46 — *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um gjald úr amtssjóð-*
21. apríl. *um til læknasjóðs.* — Samkvæmt allraþegnlegustum tillögum ráðgjafans fyrir Ísland hefir hans hátign konunginum 21. febrúar þ. á. þóknast að fallast á, að skylda sú, er hvílir á amtsjafnaðarsjóðunum á Íslandi samkvæmt konungsúrskurði frá 10. maí 1867 2. gr. samanb. konungsúrskurði frá 12. ágúst 1848, að greiða læknasjóðnum, með skilyrði því, sem þar er tiltekið, 400 kr. árlega úr hverjum sjóði, skuli falla niður frá 1. janúar 1876.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

47 — *Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um sölu á prestseturshjá-*
21. apríl.